

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2019/1713****2022/EES/26/42****frá 9. október 2019****um að ákvarða snið upplýsinga sem aðildarríki skulu gera aðgengilegar að því er varðar
skýrslugjöf um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2193***(tilkynnt með númeri C(2019) 7133) (*)*

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2193 frá 25. nóvember 2015 um takmörkun á losun tiltekinnna mengunarefna frá meðalstórum brennsluverum út í andrúmsloftið ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 11. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í 2. mgr. 11. gr. tilskipunar (ESB) 2015/2193 er þess krafist að aðildarríki láti framkvæmdastjórninni í té skýrslu, fyrir 1. janúar 2021, þar sem árleg heildarlosun kolsýrings (CO) frá meðalstórum brennsluverum er áætluð.
- 2) Í samræmi við fyrstu undirgrein 3. mgr. 11. gr. tilskipunar (ESB) 2015/2193 ætti framkvæmdastjórnin að gera rafrænt skýrslugjafartæki aðgengilegt fyrir aðildarríkin til skýrslugjafar.
- 3) Í samræmi við aðra undirgrein 3. mgr. 11. gr. tilskipunar (ESB) 2015/2193 ætti framkvæmdastjórnin að tilgreina tæknisnið fyrir skýrslugjöf til að einfalda og hagræða skýrslugjafarskyldum aðildarríkjanna.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 75. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB ⁽²⁾ eins og um getur í 15. gr. tilskipunar (ESB) 2015/2193.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Að því er varðar skýrslugjöf til framkvæmdastjórnarinnar um áætlaða árlega heildarlosun kolsýrings (CO) í samræmi við 2. mgr. 11. gr. tilskipunar (ESB) 2015/2193 skulu aðildarríkin nota spurningalistann sem settur er fram í viðaukanum við þessa ákvörðun.

Aðildarríki skulu nota rafræna skýrslugjafartækið sem framkvæmdastjórnin gerði aðgengilegt í samræmi við fyrstu undirgrein 3. mgr. 11. gr. tilskipunar (ESB) 2015/2193 til að greina frá upplýsingunum sem settar eru fram í viðaukanum við þessa ákvörðun.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttð. ESB L 260, 11.10.2019, bls. 65. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 184/2021 frá 11. Júní 2021 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjttð. ESB L 313, 28.11.2015, bls. 1.

(2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB frá 24. nóvember 2010 um losun í iðnaði (samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun) (Stjttð. ESB L 334, 17.12.2010, bls. 17).

2. gr.

Upplýsingarnar, sem settar eru fram í viðaukanum við þessa ákvörðun, skulu lagðar fram fyrir skýrslugjafarárið 2019, nema annað sé tekið fram í þeim viðauka.

Upplýsingarnar, sem settar eru fram í viðaukanum við þessa ákvörðun, skulu lagðar fram eigi síðar en 1. janúar 2021.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 9. október 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Karmenu VELLA

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

UPPLÝSINGAR UM MEÐALSTÓR BRENNSLUVER SEM FALLA UNDIR TILSKIPUN (ESB) 2015/2193

Athugasemd. Sú skylda að afhenda upplýsingarnar sem krafist er fyrir janúar 2021 kemur á undan þörf til að leyfa eða skrá starfandi meðalstór brennsluver. Í ljósi þessa verða aðildarríkin að treysta á gögn sem þau höfðu tiltæk á þeim tíma til að ljúka við skýrsluna. Í tilvikum þar sem þau hafa gögn ekki tiltæk skulu þau ljúka við skýrsluna með því að nota bestu mót sín. Af þessum ástæðum er gerður greinarmunur á nýjum brennsluverum og brennsluverum sem fyrir eru og brennsluverum yfir og undir 20MWth.

1. HLUTI

Flokkar brennsluvera

Í þessari töflu eru taldir upp flokkar brennsluvera sem skal nota til að veita upplýsingarnar sem krafist er skv. 2. og 3. hluta (1).

1.1. Ný eða starfandi	Eins og skilgreint er skv. 6. og 7. mgr. 3. gr. tilskipunar (ESB) 2015/2193
1.2. Afkastagetuflokkar (nafnvarmaafli) (1)	— Jafnt og eða meira en 1 MWth og jafnt og eða minna en 5 MWth — meira en 5 MWth og jafnt og eða minna en 20 MWth — meira en 20 MWth
1.3. Gerðir brennsluvera	— önnur en hreyfla og gashverfla — hreyfla — gashverfla
1.4. Tegundir eldsneytis	— fastur lífmassi — annað eldsneyti í föstu formi — gasolía — fljótandi eldsneyti, annað en gasolía — jarðgas — loftkennt eldsneyti annað en jarðgas — blandað eldsneyti

(1) Fyrir ný meðalstór brennsluver er heimilt að nota heildarnafnvarmaafli.

2. HLUTI

Lýsigögn

2.1. Land	Auðkenning lands sem leggur skýrsluna fram
2.2. Lögbært yfirvald	Auðkenning lögbærs yfirvalds sem ber ábyrgð á skýrslunni (deild, heimilisfang, símanúmer og tölvupóstfang)
2.3. Fjöldi brennsluvera	Fjöldi brennsluvera í hverjum brennsluveraflokki
2.4. Skýrslugjafarar	Almanaksárið sem skýrslugjöf á við um (1)

(1) Helst 2019. Ef það er ekki mögulegt, 2018.

(1) Dæmi um flokk: Nýir katlar með afköst yfir 5 MWth og minna eða jafnt og 20 MWth sem brenna fljótandi eldsneyti, öðru en gasolíu.

3. HLUTI**Losun, orkuilag og afkastageta**

3.1. CO-styrkur	Áætlaður meðalstyrkur kolsýrings, gefinn upp í mg/Nm ³ , við það viðmiðunargildi súrefnis sem er notað til að gefa upp viðmiðunarmörk fyrir losun (ELV) fyrir mengunarvaldinn sem reglur hafa verið settar um og þurr loft fyrir hvern brennsluveraflokk
3.2. Losun CO	Áætluð losun kolsýrings, gefin upp sem heildarmagn í tonnum á hverju almanaksári, sem brennsluver losa fyrir hvern brennsluveraflokk
3.3. Orkuilag	Áætlað heildarmagn eldsneytis sem brennsluver nota, gefið upp í terajúlum á ári fyrir hvern brennsluveraflokk
3.4. Samtals samanlögð afkastageta	Áætluð uppsett heildarafkastageta, gefin upp sem summa nafnvarmafls í öllum brennsluverum fyrir hvern brennsluveraflokk